Núverandi brú, sem er 42 m löng var byggð árið 1957. Vatnasviðið ofan núverandi brúar er  $56 \text{ km}^2$ . Brúin er í þremur höfum með virkt vatnsop jafnt og 36 m. Til samanburðar má geta þess að árið 1998 var byggð 40 m löng brú í tveimur höfum yfir Fossá í Berufirði og vatnasviðið ofan við þá brú er  $116 \text{ km}^2$ .

**Ný brú:**

Dýpið í brúarstæðinu í firðinum er a.m.k. 4-5 m miðað við meðalsjó og síðan dýpkar mjög hratt rétt utan veglínunnar. Ef miðað er við að vatnshraðinn í 100-ára flóði sé minni en 2 m/s fæst að flatarmál brúaropsins neðan við meðalsjárvarhæð þarf að vera a.m.k.  $140 \text{ m}^2$ . Til að ná þessu vatnsopi þarf 35 m langa brú í einu hafi.

Lagt er til að miðað verði við að brúarlengdin sé 30 m fyrir brú í einu hafi. Þá hefur verið tekið mið af því að allar líkur eru á að hönnunarflóðið sé ofmetið. Jafnframt hefur verið tekið mið af lengd núverandi brúar yfir Fossá. Flóð árvatns er ráðandi um brúarlengdina því að mesta innstreymi sjávar á meðalstórstraum er u.þ.b.  $100 \text{ m}^3/\text{s}$  sem er innan við helmingur af rennsli í 100-ára flóði árvatns.

---

Helgi Jóhannesson

Reykjavík, 20-06-2008

Kristján Kristjánsson  
Vegagerðin

Varðandi hæðir á vegi í Berufjarðarbotni er fyrir frumdrög hægt að taka mið af hæðum á vegi í Fossárvík. Vissulega er ölduálag meira í Fossárvík en á móti kemur nýlega hefur verið ákveðið taka tillit til hækkunar á sjávarstöðu á næstu áratugum með því að hækka hönnunarviðmið vega um 0,5 m.

Vegurinn í Berufjarðarbotni var hannaður í hæðarkerfi Berufjarðar. Í því kerfi er meðalstórstraumflóð í kóta 1,57 m, meðalsjór 0,60 m og meðalstórstraumsfjara í kóta -0,38 m. Veghæðin var lægst í kóta 3,3 m, grjótið náði í hæð 3,1 m og miðlína brúar var í hæð 4,28 m.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef frá Jóni Erlingssyni, er hæðarmunur á Landshæðarkerfi og Berufjarðarkerfi 0,85 m. Þá fæst að í Landshæðarkerfi er meðalstórstraumsflóð er í kóta 0,72 m, meðalsjór -0,25 m og meðalstórstraumsfjara í kóta -1,23 m. Veghæðin í Fossárvík í Landshæðarkerfi er því lægst í kóta 2,45 m, grjótið nær í hæð 2,25 m og miðlína brúar er í hæð 3,43 m.

---

Helgi Jóhannesson  
Vegagerðin  
Borgartúni 7  
105 RVK

Reykjavík 30.06.2009

**Þverun Berufjarðar við Staðareyri: Minnisblað um brúarlengdir**

Matið á nauðsynlegri brúarlengd miðast við að tryggð verði full vatnsskipti. Gert er ráð fyrir að sjávarfallasveiflan sé 2,1 m (2,08 skv. minnisblaði HeJ frá 20.06.2008) og að meðalstraumhraði á meðalstórstraum verði ekki hærri en 2,5 m/s. Veglínur eru sýndar á meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Hægt er að nota eftirfarandi jöfnu úr Shore Protection Manual til að reikna rennsli undir brýrnar. Jafnan gildir aðeins þegar vatnsskiptin eru u.þ.b. 100% sem er það tilfelli sem hér er til athugunar:

$$Q = \pi \frac{Ah}{T} \quad (1)$$

þar sem

Q	=	Mesta rennsli á meðalstórstraum, 110 m <sup>3</sup> /h
T	=	sveiflutími sjávarfalla = 12 klst og 20 mín = 44400 sek
A	=	flatarmál lóns, 73.79 ha
h	=	sjávarsveiflan = 2,1 m á meðalstórstraum

Í meðfylgjandi töflu 1 er gefið yfirlit yfir flatarmál lóna, útreiknað rennsli skv. jöfnu 1 og nauðsynlegt flatarmál á virku vatnsopi. Flatarmálið miðast við að straumhraði á meðalstórstraum verði ekki hærri en 2,5 m/s nema ef brúin er grunduð á klöpp.

Frá HSH: 25.06.2009 Stærð lónsins miðað við línu f939-006 er 73.79 ha.

**Berufjörður – lína f939-106**


Ekki er búið að gera botnrannsóknir í vegstæðinu. Gert er ráð fyrir að brúin verði staðsett milli stöðva 300 - 400. Gera verður ráð fyrir að rekið sé undir brúna. Flatarmál virks vatnsops í brúnni verður að vera 44 m<sup>2</sup> ef miðað er við að mesti straumhraði sé 2,5 m/s. Virkt vatnsop þarf þá að vera 22 m ef miðað er við botnkóta jafnt og -2,0 m. Lagt er til að miðað sé við að brúarlengd verði **32 m** og gerðir verði leiðigarðar. Ef brúin er grunduð á klöpp má minnka flatarmál á virku vatnsopi niður í 37 m<sup>2</sup> og sleppa leiðigörðum.



Neskaupstaður 04.12.2009

### Álit á lífríki leiru í botni Berufjarðar vegna þverunar

Vegagerðin hefur gert tillögu að veglínu Q í botni Berufjarðar, fyrir var á áætlun veglína Z (mynd. 1). Báðar þessar veglínur þvera fjörðinn og geta haft veruleg áhrif á lífríki leiranna ef ekki verða tryggð full vatnsskipti.



Mynd 1. Veglína Q (gul) og veglína Z (rauð), 200 m áhrifasvæði veglínanna

#### Samanburður á línunum

Veglínurnar fara út í sjó á svipuðum stað vestan við Staðareyrina og munu báðar skerða fjörusvæðið sem framkvæmdasvæðinu nemur. Einnig skerða þær svipað fjörusvæði austan við eyrina en veglína Q þó aðeins minna (mynd 1).

Veglína Q er 600 m lengri og þekur meira svæði en veglína Z (tafla.1). Veglína Q þekur hlutfallslega meira af leirunni heldur en veglína Z (mynd. 1).

Tafla 1. Lengd, þekja og stærð veglínu Q og Z

Veglína	Lengd (m)	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Þekja leiru og sjós (m <sup>2</sup> )
Q	3200	644,687	299,661
Z	2600	522,267	237,701
<b>Mismunur</b>	<b>600</b>	<b>122,42</b>	<b>61,96</b>

#### Álit

Náttúrustofa Austurlands telur veglínu Z betri kost þar sem hún skerðir minna af leirusvæðinu og er nokkuð styttri en veglína Q. Það sem getur skaðað lífríkið, þar með talið fuglalíf, er fyrst og fremst skerðing á leirunni eða breyting á vatnsskiptum því er nauðsynlegt að takmarka svæðið sem vegur fer yfir leirurnar og tryggja full vatnsskipti. Með því að hafa tvö op, brú og ræsi, verður flæði sjávar jafnara yfir leiruna.

## Fundur í Ráðhúsi Djúpavogshrepps (Geysi) 10.02.2010. Hófst kl. 08:00

Samráðsfundur haldinn miðvikud. 10. feb. 2010 að ósk fulltrúa Vegagerðarinnar með fulltrúum sveitarstjórnar og skipulags-, byggingar- og umhverfismálanefndar Djúpavogshrepps (SBU).

**Mættir á fundinn f.h. Djúpavogshrepps:** Andrés Skúlason, oddviti og form. SBU, Albert Jenson, varaoddviti, Guðmundur Valur Gunnarsson, sveitarstjórnarmaður og nefndarmaður í SBU, Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

**Fulltrúar Vegagerðarinnar:** Birgir Guðmundsson og Guðmundur Heiðreksson.

Fundarefni: Kynning og umræða á gögnum frá Vegagerðinni vegna hönnunar á vegi fyrir botni Berufjarðar, mismunandi útfærslur á veglínunum. Einnig lagðar fram til kynningar hugmyndir um mismunandi veglínur upp úr Berufirði vegna Axarvegar.

### 1. Veglína í botni Berufjarðar.

Fulltrúar Vegagerðarinnar lögðu fram kort af botni Berufjarðar á fundinum og óskuðu eftir afstöðu talsmanna sveitarfélagsins til þess hvaða línu skyldi velja af þeim sem hugmyndir liggja fyrir um. Jafnhliða skýrði Birgir frá því, að þrátt fyrir að það væri yfirlýst stefna að bjóða bæri Axarveg og botn Berufjarðar sameiginlega út, kynni niðurstaðan að verða sú miðað við þá stöðu sem uppi væri í dag að í væntanlegri vegaáætlun yrðu vegabætur í botni Berufjarðar boðnar út sérstaklega áður er ráðist yrði í útboð á Öxi.

Oddviti og form. SBU, kynnti í framhaldi af þessu kort úr nýju Aðalskipulagi Djúpavogshrepps þar sem veglína er mörkuð fyrir botn fjarðarins. Lína þessi er óumdeild stefna sveitarfélagsins. Þverun fjarðarins er því hafnað af sveitarfélaginu. Í framhaldinu var rætt nánar um mismunandi tillögur uppi á fasta landi við fjöruborðið. Aðalskipulagskort er gróft þannig að erfitt er að fylgja því, þegar hliðrun er lítil á milli vegkosta ofan við strandlengjuna. Fulltrúar D.. mæla með því að ákveðin millileið verði farin þar sem veglínukostir eru allt að þrír við fjöruborðið t.d. neðan við bæinn Berufjörð. Lítið er hinsvegar svo á að frá umhverfislegu sjónarmiði væri besti kosturinn að fylgja þeirri tillögu þar sem veglínan er mörkuð næst bænum að Berufirði. Á hinn bóginn yrði fallist á það, ef landeigendur yrðu mjög mótfallnir henni, að næsti kostur veglínunni aðeins utar verði valinn. Varðandi veglínunni þar sem Suðurfjarðarvegur mætir fyrirhuguðum gatnamótum Axarvegar, er það vilji sveitarfélagsins að Suðurfjarðarvegur verði T vegur þ.e. að Axarvegur verði bein braut. Að öðru leyti hefur sveitarstjórn í stefnumörkun sinni í Aðalskipulagi fylgt tillögum veggönnuða Vegagerðarinnar varðandi Axarveg og botn Berufjarðar í öllum megin dráttum.

### 2. Fundur með landeigendum.

Fulltrúar Vegagerðarinnar óska eftir því á fundinum að sveitarstjórn haldi sérstakan fund með landeigendum og þá sérstaklega vegna veglínunni um botn Berufjarðar. Forsvarsmenn sveitarfélagsins eru sammála um að það sé framkvæmdinni og málinu öllu til framdráttar að reynt verði að upplýsa landeigendur og vinna með þeim að málinu eins mikið og nokkur kostur er. Munu þeir því boða til sérstaks fundar með landeigendum jarðanna Berufjarðar 1 og 2 og Hvannabrekku strax í næstu viku. Í framhaldi af þeim fundi sem færður verður til bókar munu fulltrúar vegagerðarinnar verða upplýstir um afrakstur þeirrar umræðu. Stefnt er á að hitta landeigendur þ.e. frá Berufirði og Hvannabrekku í sitt hvoru lagi, alla vega til að byrja með.

### 3. Önnur mál.

Óformlegt spjall um ýmis mál, m.a. könnun á hagkvæmni þverunar Hamarsfjarðar, vetrarþjónusta á Öxi, endurheimt votlendis og fl.

Fundarmenn þökkðu hvorir um sig fyrir góðan og upplýsandi fund og gengu út í veðurlíðuna um kl. 09:30.

Drög að minnisblaði unnin af Andrésí Skúlasyni.

## Fundargerð

Fimmtudaginn 19.02. 2010. kl.15.00.

**Fundur að Bakka 1 Djúpavogi, vegna fyrirhugaðrar veglínu í botni Berufjarðar.  
Boðað til fundarins af hálfu Djúpavogshrepps.**

**Á fundinn mættu landeigendur við botn Berufjarðar. Baldur Gunnlaugsson, Haukur Gunnlaugsson, Ingibjörg Jónsdóttir, Guðríður Gunnlaugsdóttir, Óskar Gunnlaugsson, Bragi Gunnlaugsson, Steinþór Björnsson og Auðbjörg Stefánsdóttir.**

**Einnig mættu á fundinn sveitarstjórnarmennirnir Andrés Skúlason oddviti sem stjórnaði fundi, Albert Jensson sem ritaði fundargerð, Sigurður Ágúst Jónsson og Guðmundur Valur Gunnarsson.**

Andrés setti fund bauð menn velkomna og fór yfir tilefni fundarins, að til hans væri stofnað m.a. til að fá skýrari mynd af viðhorfi landeigenda til málsins svo og hvort ekki væri grundvöllur til að aðilar máls gætu sameinast um eina veglínu af þeim sem kynntar eru til sögunnar. Þá kynnti Andrés þá veglínu fyrir botn Berufjarðar sem að liggur fyrir í Aðalskipulagi sveitarfélagsins sem sveitarstjórn hefur nýverið staðfest sem stefnu sveitarfélagsins. Andrés gat þess að engar athugasemdir hefðu borist við Aðalskipulagið í athugasemdarferlinu varðandi þá veglínu sem sveitarstjórn hefur nú staðfest, en sú veglína er merkt á kortum vegagerðarinnar sem lágu frammi á fundinum sem veglína Y gul að lit. Jafnframt ítrekaði Andrés við fundinn að ef núverandi veglína á Aðalskipulaginu yrði færð langt frá þeirri stefnu sem mörkuð hefði verið myndi það kosta bæði tíma og fjármuni að breyta hinu nýja Aðalskipulagi. Að þessu tilefni var kort af Aðalskipulaginu með veglínunni varpað upp á skjávarpa til frekari kynningar.

Að inngangi loknum voru lögð kort frá Vegagerðinni fyrir fundarmenn þar sem hugmyndir að veglínunum hafa verið merktar hver fyrir sig með bæði bókstöfum og lit.

Eftir nokkra yfirlegu óskaði Andrés eftir því að hver og einn tjáði skoðun sína um þá kosti sem væru í boði og kom þá í ljós að ekki var einhugur meðal landeigenda um veglínu. Því var óskað eftir því að hver og einn skýrði frá hvaða leið hugnaðist honum best og það yrði síðan fært til bókar.

Steinþór landeigandi að Hvannabrekku vildi fara leið sem var merkt **Z** fjólublá að lit.

Baldur, Haukur og Guðríður landeigendur að Berufirði vildu fara leið **Y**, þ.e. þá gulu en með þeim breytingum að farið yrði meira fyrir ofan Hjallsklett. Í þessu skyni töldu þau að best færi á því að gula línana færðist ofar og yrði þá c.a. mitt á milli grænu og gulu línanna neðan við bæinn eins og þær eru dregnar á kortinu. Þau vildu einnig að vegurinn í botninum þ.e. gula línana yrði færð utar að flóðalínu og tengingin við Axarvegin færðist utar sem því næmi.

Bragi landeigandi að Berufirði sagði einnig að hann féllist á sömu leið þ.e. Y en hann sagði að sér væri reyndar sama hvort að það kæmi lón í víkina fyrir utan Hjallsklettinn.

Bragi sagði að sér væri í raun sama hvor leiðin yrði farin þ.e. Y eða X fyrir utan Hjallsklettinn.

Braga leist ekki á ystu leiðirnar tvær þ.e. Z og Q sem gera ráð fyrir því að leirurnar verði þveraðar. Hann var einnig sömu skoðunar og systkini sín að færa veginn nær flóðalínu fyrir botninn.

Óskar vildi helst fara leið X eða Q en með leið Q og sagði hann að þá yrði að vera heimreið yfir leirurnar að bænum í Berufirði.

Óskar vill hafa leið X eins lága og hægt er með fjörunni. Óskar er sammála systkinum sínum varðandi að færa leiðina nær flóðalínu fyrir botninn.

Að lokum undir þessari umræðu vildu landeigendur koma því á framfæri að þau gætu öll verið sammála um eina leið, en hún er ekki inn á korti vegagerðarinnar eða í umhverfismati, en það er að þvera beint yfir fjörðinn utan við Staðareyri og þá yrði að sjálfsögðu að tryggja að brú sem kæmi þar myndi ráða við vatnsskipti.

Að umræðu um veglínur fyrir botn Berufjarðar lokinni kynnti Andrés til sögunnar kort frá vegagerðinni af veglínunum inn úr Berufirði upp á Öxi.


Óskar og Bragi tjáðu sig að mestu um þær leiðir sem í boði eru á því svæði og kom fram hjá þeim að þeir töldu að vegagerðin hefði alls ekki skoðað nógu og vel veglínur vestan megin ár og töldu þeir því að full ástæða væri til að fara á svæðið með veghönnuðum og sýna þeim hvar þeir teldu að vegstæðinu væri best fyrir komið, þeir væru jafnframt tilbúnir að fara með fulltrúum vegagerðarinnar á svæðið í þessu skyni.

Að lokinni umræðu um Axarveginn vítt og breytt þakkaði Andrés landeigendum fyrir fundinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 16.00.

Albert Jensson, fundarritari

# Markmið Vegagerðarinnar



Greiðar samgöngur með góðri þjónustu

Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins

Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist

Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa

1 Val veglínu .....	1
1.1 Forsendur .....	1
1.1.1 Fornminjar .....	2
1.1.2 Náttúrufar .....	2
1.1.3 Greiðfærni, umferðaröryggi .....	2
1.1.3.1 Lóðrétt lega .....	2
1.1.3.1.1 Veglínur og halli .....	2
1.1.3.1.2 Þverhalli .....	2
1.1.3.2 Lárétt lega .....	3
1.1.3.2.1 Lykkjur .....	3
1.1.3.2.2 Sjónlengdir .....	3
1.1.3.2.3 Samantekt .....	4
1.1.4 Kostnaður, arðsemi .....	4
1.2 Samspil hönnunarþátta .....	5

## 1 Val veglínu

Við val veglínu er leitast við að uppfylla markmið Vegagerðarinnar og um leið markmið Samgönguáætlunar. Að jafnaði koma margir kostir til álita. Allar þær forsendur, sem fjallað er um hér á eftir, hafa áhrif á val veglínu. Við mat á umhverfisáhrifum koma oft fram aðrar og/eða nýjar forsendur, sem geta leitt til annarrar niðurstöðu en sett er fram í frummatsskýrslu. Í sumum tilvikum þykir rétt að bíða með val þar til allar forsendur eru komnar fram og sameiginleg niðurstaða Vegagerðarinnar (framkvæmdaaðila) og viðkomandi sveitarstjórnar (framkvæmdaleyfisveitanda) liggur fyrir.

### 1.1 Forsendur

#### Forsendur fyrir vali leiðar:

Við val veglína voru eftirtalin atriði, eftir stafrófsröð, höfð að leiðarljósi:

- **Arðsemi:**  
Athuguð var hugsanleg arðsemi mismunarfjárfestingar þar sem hægt var að stytta vegalengdir að einhverju marki
- **Fornminjar:**  
Reynt var að sneiða hjá fornminjum eins og kostur var í hverju tilviki
- **Greiðfærni:**  
Lega vegarins, bæði lóðrétt og lárétt, miðast við hönnunarreglur Vegagerðarinnar. Metnar voru líkur á snjóalögum svo frekar mætti velja snjólétta kosti.
- **Kostnaður:**  
Reynt var að lágmarka kostnað, bæði stofn- og rekurskostnað.
- **Náttúrufar:**  
Reynt var að sneiða hjá þeim svæðum, sem talin eru lífríkinu mikilvægust. Reynt var að lágmarka röskun á grónu landi og votlendi. Jafnfram var haft í huga að efnistaka verði sem mest innan vegsvæðisins og námur verði fáar en stærri.
- **Umferðaröryggi**  
Leitast var við að tryggja umferðaröryggi eins og kostur er innan rýmilegs kostnaðar þó þannig að kröfur í veghönnunarreglu m séu ávallt uppfylltar.
- **Líftími mannvirkisins**
  - Við hönnun er hugað að rekstraröryggi og viðhaldskostnaði. Reynt er að uppfylla meira en lágmarkskröfur frá vegtæknilegu sjónarhorni þannig að mannvirkid úreldist ekki á skömmum tíma
- **Vegur og landslag: Samband skeringa og fyllinga**  
Í 35. gr. Náttúruverndarlaga, laga nr. 44/1999 segir um hönnun mannvirkja: “Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.”

### 1.1.1 Fornminjar

Reynt er að sneiða hjá fornminjum eins og kostur er í hverju tilviki

### 1.1.2 Náttúrufar

Reynt er að sneiða hjá þeim svæðum, sem talin eru lífríkinu mikilvægust. Reynt er að lágmarka röskun á grónu landi og votlendi. Jafnframt er haft í huga að efnistaka verði sem mest innan vegsvæðisins og námur verði fáar en stærri.

### 1.1.3 Greiðfærni, umferðaröryggi

Lega vegarins, bæði lóðrétt og lárétt, miðast við hönnunarreglur Vegagerðarinnar. Metnar voru líkur á snjóalögum svo frekar mætti velja snjóléttu kosti. Leitast er við að tryggja umferðaröryggi eins og kostur er innan rýmilegs kostnaðar þó þannig að kröfur í veghönnunarreglum séu ávallt uppfylltar.

#### 1.1.3.1 Lóðrétt lega

Venjulega borgar sig ekki að leggja vegi með það litlum langhalla að allir bílar geti farið um á sama hraða. Hins vegar er nauðsynlegt að setja efri mörk á langhallann og hversu langir vegkaflar með hámarkshalla megi vera.

Í fræðiritum kemur þrífaldlega fram að rétt sé að lágmarka langhalla vegar eins og kostur er. Þetta skal gert með hliðsjón af umferðaröryggi, svo og kostnaði umferðarinnar og kostnaði vegna viðhalds vegarins, einnig með hliðsjón af orkunýtingu, lágmarkun mengunar o.fl. þátta. Á hinn bóginn, til að halda jarðraski og framkvæmdakostnaði í lágmarki, ber að velja langhalla þannig að vegurinn falli að landslaginu.

Rannsóknir á umferðarslysum sýna að 6,5 % langhalla er nokkurs konar vendipunktur og meiri langhalla hefur í för með sér mjög aukna slysatíðni. Þannig vex slyshætta um 25 % frá 6,5 % langhalla í 8 % og um önnur 25 % frá 8 % í 9 % langhalla. Slysarannsóknir á tveggja akreina vegum í dreifbýli leiða í ljós að langhalla innan við 6,5 % hefur lítil áhrif á slysatíðnina en langhalla umfram 6,5 % veldur snöggri og sívaxandi aukningu á slysatíðninni. Vegagerðin setti sér það markmið að nýr vegur yfir Öxi yrði hvergi brattari en 8 %.

#### 1.1.3.1.1 Veglínur og halli

- Reynslan sýnir að vegir með langhalla milli 0 og  $\pm 2$  % eru sýnu öruggastir. Langhalla allra veglína í Berufjarðarbotni er minni en 3 %. Meðallanghalla í línunum A, C, E og F er um 3,3 % en 4,5 % á núverandi vegi. Meðallanghalla á liðlega 4 km kafla niður í Berufjörðinn er 7,3 % í línunum A, C og F en 7,4 % í línu E og til samanburðar 8,9 % á núverandi vegi. Mesti halli er innan við 7,5 % í línunum A, C, E og F en eitthvað nærri 25 % á núverandi vegi. Mesti leyfði langhalla á vegtegundum B og C, samkvæmt Veghönnunarreglunum, við hönnunarhraða 70 km/h er 7,5 %. Við hönnunarhraða 80-90 km/h má langhallinn að hámarki vera 7,0 %.
- Langshalli innan við 6 % hefur lítil áhrif á slysatíðni. Hún hækkar hins vegar hratt þegar hallinn eykst umfram 6 %. Mun hærri slysatíðni er undan brekkunni en upp hana. Sama gildir að lágbogar eru hættulegri en hábogar.
- Hæðarvogar hafa samt sem áður lítil áhrif á slysatíðnina ef hæfileg stöðvunarsjónlengd er til staðar.

#### 1.1.3.1.2 Þverhalli

Af öryggisástæðum er nauðsynlegt að halla vegyfirborði. Tryggja þarf að vatn sitji ekki á yfirborðinu því við þær aðstæður rofnar viðnámið milli hjólbarða og vegyfirborðs og ökumenn missa stjórn á ökutækjum sínum.

Í beygjum er rétt að halla vegyfirborði inn að miðju beygjunnar til að vinna á móti áhrifum tregðulögmálsins. Þverhalli þarf að aukast með auknum ökuhraða og auknum krappa.

Í veghönnun er talað um hugtakið sniðhalli (resulting gradient) en sniðhalli er „vektorísk“ summa lang- og þverhalla.

### 1.1.3.2 Lárétt lega

Mikill fjöldi slysa verður í kröppum beygjum. Bæði slyshætta og alvarleiki slysa minnka með stærri beygjuradíus. Vegköflum, þar sem beygjur eru með radíus minni en 200 m, fylgir að minnsta kosti tvöföld slysatíðni í samanburði við vegkafla, þar sem beygjur eru með radíus 400 m eða stærri. Radíus 400 m í beygjum er vendi-punktur hvað slysatíðni varðar. Við stækkun radíus í beygjum umfram 400 m verður tiltölulega lítil lækkun í slysatíðni.

Sé vegur á annaðborð sveigður, verður lítil aukning í slysatíðni við krappari beygjur. Sé vegur hins vegar tiltölulega beinn eða með mjúkum beygjum verður einstök kröpp beygja á slíkum kafla ákaflega hættuleg. Aksturshraði er að jafnaði hærri á vegum þar sem umferðarþungi er lítil en þar sem hann er mikill.

1. Samspil beygja er talið talið öruggt þegar hönnunarhraði á aðliggjandi hringbogum breytist um minna en 20 %.
2. Samspil beygja er talið talið tiltölulega öruggt þegar hönnunarhraði á aðliggjandi hringbogum breytist á milli 20 % og 40 %.
3. Samspil beygja er talið talið hættulegt þegar hönnunarhraði á aðliggjandi hringbogum breytist milli 40 og 60 % .
4. Samspil beygja er talið talið mjög hættulegt þegar hönnunarhraði á aðliggjandi hringbogum breytist um meira 60 %.

Í þessu ljósi er nauðsynlegt að aðliggjandi hringbogar séu í samræmdu hlutfalli og að eftir beinni línu komi beygja með radíus stærri eða jafn 500 m. Hönnunarreglur Vegagerðarinnar mæla fyrir um samræmt val hringboga. Reglur Vegagerðarinnar eru í samræmi við reglur annarra landa.

#### 1.1.3.2.1 Lykkjur

Lykkja (oft nefnd hárnálabeygja) er beygja með litlum radíus ( $12 \text{ m} \leq R \leq 40 \text{ m}$ ) og stefnubreytingu vel yfir  $90^\circ$ . Lykkjur eru umferðartæknilega erfiðar og ætti aðeins að nota þær þar þar sem landfræðilegar aðstæður útiloka aðrar lausnir. Þar eð radíus í lykkjum er mjög lítil verður samspil slíks boga við aðliggjandi boga eða beina línu alltaf slæmt og því hættulegt.

Lykkja er oft eina lausnin við leggja veg í erfiðu landslagi. Hún er nær eingöngu notuð í bröttu og kröppu landslagi. Lykkjan kemur í stað mjög dýrra lausna svo sem stórra brúa eða jarðganga. Til að lykkja verði ekki sérstaklega hættuleg, þ.e. með háa slysatíðni, verður að leggja mikla áherslu á góða vegsýn, varúðarmerkingar og önnur hugsanleg varnarúrræði (vegrið) til að koma í veg fyrir alvarleg slys. Síðast en ekki síst ber að draga úr langhalla gegnum lykkjur eins og kostur er.

#### 1.1.3.2.2 Sjónlengdir

Ekkert atriði hefur eins mikil áhrif á umferðaröryggi og sjónlengdir. Nauðsynlegt er að tryggja stöðvunarsjónlengd í rúmvegferlinum, það er þeim vegferli, sem ákvarðast af bæði lá- og lóðréttum vegferli. Stöðvunarsjónlengd er fyrir hendi í fyrirhuguðum nýjum veglínunum en ekki á núverandi vegi.



## 1.1.3.2.3 Samantekt

1. Reynslan sýnir að mjúkir sveigðir vegferlar, lagðir með tengiferlum og bogum þar sem  $CCR_S \leq 180$  gon/km ( $R > 350$  m) leiða til lágrar slysatíðni. Slíkar vegferlar eru jafnan flokkaðir sem „góð“ hönnun. Meðalgildi á  $CCR_S$  í veglínu A er 75 gon/km, í C 76 gon/km, í E 73 gon/km og í F 72. Allar veglínurnar falla undir „góða“ hönnun en sjá þó lið 2 hvað varðar brekkurnar niður í Berufjörðinn.
2. Reynslan sýnir einnig að vegferlar á vegköflum þar sem  $180 < CCR_S < 360$  gon/km ( $175 < R < 350$  m) leiða til a.m.k. tvöfaldrar þeirrar slysatíðni sem fylgir góðri hönnun, sbr. lið 1 hér að ofan. Vegferlar með þessum eiginleikum eru flokkaðir sem „sæmileg“ (fair) hönnun.  $CCR_S$  á núverandi vegi á 5,8 km kafla í Berufirði er 353 gon/km. Á samsvarandi köflum í veglínunum A, E og F er  $CCR_S$  185 og 190 eða nánast á mörkum „góðrar“ og „sæmilegrar“ hönnunar. Í veglínu C er  $CCR_S$  hins vegar 243 og munar þar mestu um lykkjana.
3. Einnig sýnir reynslan að vegferlar á vegköflum þar sem  $360 < CCR_S < 550$  gon/km ( $115 < R < 175$  m) leiða til a.m.k. fjór- til fimmfaldrar þeirrar slysatíðni sem fylgir góðri hönnun, sbr. hér að ofan. Vegferlar með þessum eiginleikum eru flokkaðir sem „vond“ (poor) hönnun.

Sé  $CCR_S$  enn hærra  $> 550$  gon/km og  $R < 115$  m eykst slysatíðnin enn. Fjöldi einstakra beygja á núverandi vegi hefur  $CCR_S$  langt yfir 550 gon/km og stöku beygja vel yfir 1500 gon/km. Lykkjan í veglínu C hefur  $CCR_S$  um 1990 gon/km. Þessi hættulega lykkja og það hve veglína C er lengri en aðrar veglínur, eru meginástæður þess að Vegagerðin telur hana ekki heppilegan kost.

Allar veglínur, sem til álita hafa komið í Berufjarðarbotni (neðan 20 m hæðarlínunnar), falla undir „góða hönnun“, hvort heldur sem litið er til lá- eða lóðréttar legu. Sama gildir um allar veglínur yfir Öxi vestan (norðan) stöðvar 19000.

*Yfirlit um kennistærðir helstu öryggisþátta eru í eftirfarandi töflu:*

Kennistærðir	Veglína A	Veglína F	Veglína C	Veglína E	Núverandi Axarvegur	Veglína Y	Veglína X	Veglína Z
	f939-008	f939-009	f939-502	f939-503	f939-600	f939-103	f939-104	f939-106
Lengd (km)	28.78	28.74	29.67	28.98	29.21	3.46	4.47	2.64
Beygjugráða	2.28	2.20	2.32	2.22	6.03	2.18	2.75	2.21
Hallatala	3.32	3.32	3.21	3.29	4.54	0.49	0.10	0.37
$CCR_S$ (gon/km)	74.65	72.23	76.15	72.89	197.91	71.49	90.20	72.47
$CCR_S$ (gon/km)*	189.92	189.92	243.15	184.94	353.31	-	-	-

\*Á 5,8 km kafla í brekkunum í Berufirði

Skilgreiningar: „Góð“ (good) hönnun  $CCR_S \leq 180$  gon/km ( $R > 350$  m)  
 „Sæmileg“ (fair) hönnun  $180 < CCR_S < 360$  gon/km ( $175 < R < 350$  m)  
 „Vond“ (poor) hönnun  $360 < CCR_S < 550$  gon/km ( $175 < R < 350$  m)

## 1.1.4 Kostnaður, arðsemi

Reynt er að lágmarka kostnað, bæði stofn- og rekurskostnað. Við hönnun er hugað að rekstraröryggi og viðhaldskostnaði. Reynt er að uppfylla meira en lágmarkskröfur frá vegtæknilegu sjónarhorni þannig að mannvirkid úreldist ekki á skömmum tíma. Athuguð er arðsemi mismunarfjárfestingar ýmissa kosta, bæði innbyrðis og við núll-kost.

## 1.2 Samspil hönnunarbátta

Við hönnun vega er reynt að fella veginn að svipmóti eða lögun landsins. Í fjölbreyttu landslagi takmarkast þetta þó oft af kröfum um vegferil, bæði í láréttri og lóðréttri legu. Við þær aðstæður skiptast gjarnan á fyllingar og skeringar. Það er viðtekið álit að góð hönnun vega endurspeglar í jafnvægi milli skeringa og fyllinga. Sé hætta á snjóasöfnun á veginn aukast fyllingar og þá getur þetta jafnvægi minnkað verulega. Almenna reglan er þó sú, að því stöðugra sem þetta jafnvægi er, því betur falli mannvirkið að landslaginu. Við þetta jafnvægi verða flutningsvegalengdir jarðefna í veginn í lágmarki. Því fylgir að kostnaður verður í lágmarki, nema mikill hluti skeringa sé í berg. Séu flutningsvegalengdir í lágmarki verður losun úrgangsefna, sem myndast við brennslu díselolíu (CO<sub>2</sub>, NO) vegna framkvæmdanna, einnig í lágmarki. Bent skal á að vegna mikils hliðarhalla (brattar skriður) landsins í vegarstæðinu er um óvenjumiklar skeringar eða mótun lands að ræða.

# Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn

## Hljóðvist

Umferðarhávaði var reiknaður vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 724/2008 var hljóðstig reiknað með samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða. Reiknað var jafngildishljóðstig fyrir sólarhring í dB(A). Nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur íbúðarhús og sumarhús. Við íbúðarhús þarf að uppfylla skilyrði um 55 dB(A) og í skilgreindri sumarhúsabyggð 45 dB(A).

Við öflun á forsendum fyrir útreikninga á umferðarhávaða var gerð umferðarspá. Samkvæmt líklegustu spá verður umferðin eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

**Tafla 1.** Umferðarspá fyrir Axarveg og Hringveg um botn Berufjarðar (Friðleifur I. Brynjarsson, 2009).

Vegnr.	ÁDU <sub>raun 2008</sub>	ÁDU <sub>0</sub> *	Umferðarspá → Ár →	ÁDU <sub>leggir A-D</sub>					
				2008	2010	2020	2030	2040	2050
939-02	81	162	Leggur A	160	170	215	255	285	315
1-t8	41	-	Leggur B	-	-	-	-	-	-
1-u4	143	55	Leggur C	70	75	95	110	125	140
92-03	898	-	Leggur D	-	-	-	-	-	-

\*ÁDU<sub>0</sub> er reiknuð meðalumerð 2008 ef búið væri að bæta Axarveg

Aðrar forsendur við útreikninga á hljóðstigi voru eftirfarandi:

- Pungabílaprósentu = 7%
- Umferðarhraði = 90 km/klst / 80 km/klst
- Yfirborð á milli hljóðgjafa og móttaka „mjúkt“ nema vatn og klæðing er „hart“ yfirborð.

Segja má að aðrar forsendur í útreikningunum séu langhalli vegarins og hugsanlegar „náttúrulegar hljóðmanir“ í umhverfinu á milli hljóðgjafa og móttaka. Langhalli fyrirhugaðs vegar er þekktur og til að tryggja að útreiknað hljóðstig sé ekki vanreiknað voru „náttúrulegar hljóðmanir“ ekki teknar með í útreikningana nema þær hefðu veruleg áhrif til lækkunar á útreiknuðu hljóðstigi.

Til að einfalda framsetningu var umferðarhávaði reiknaður fyrir hvert hús og settur í töflur 2-5 hér að aftan. Þar er sýndur reiknaður hávaði fyrir umferð árið 2008 og fyrir umferðarspá árið 2030. Ef fleiri en ein ný veglína er möguleg í nágrenni húss er reiknað fyrir þá línu sem næst er þar sem gera má ráð fyrir mestum umferðarhávaða frá henni. Ef sú lína uppfyllir kröfur reglugerðar um hávaða er ekki reiknað fyrir þær veglínur sem fjær eru.

Til að glöggva sig betur á stöðu mála árið 2030 var einnig reiknaður umferðarhávaði miðað við að ekki yrði farið í framkvæmdir heldur eingöngu gert ráð fyrir umferðaraukningu samkvæmt miðspá Vegagerðarinnar. Sú spá gerir ráð fyrir að árið 2030 verði umferð um 60% meiri en árið 2008.

Útreiknað hljóðstig er frísviðsgildi jafngildishljóðstigs fyrir sólarhring.

Eftirfarandi hús eru við kafla 1-t7 á Hringvegi um Skriðdal, á núverandi vegakerfi. Umferð (ÁDU) árið 2008 er 100 bílar/sólarhring, árið 2010 yrði umferðin um 160 bílar/sólarhring skv. miðspá Vegagerðarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi umferðarspá í töflu 1 hér að framan yrði umferðin árið 2030 255 bílar/sólarhring.

**Tafla 2.** Útreiknaður umferðarhávaði við vegarkafla 1-t7 á Hringvegi í Skriðdal.

Hús	Útreiknað hljóðstig 2008 [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 án aðgerða <sup>1</sup> [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 með aðgerðum <sup>2</sup> [dB(A)]	Athuga-semdir
Vatnsskógar	20	22	24	Veglína A
Vatnsskógar – sumarhús við Skriðuvatn	44	46	49	Veglína A

Eftirfarandi hús er við kafla 939-02 á Axarvegi í Berufirði, á núverandi vegakerfi. Umferð (ÁDU) árið 2008 er 81 bíll/sólarhring, árið 2010 yrði umferðin um 130 bílar/sólarhring skv. miðspá Vegagerðarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi umferðarspá í töflu 1 hér að framan yrði umferðin árið 2030 255 bílar/sólarhring á legg A (f939-008). Þar sem nær öll umferð færast suður fyrir Melshorn eftir aðgerðir er umferðarhávaði reiknaður norðan við húsin fyrir aðgerðir en sunnan við eftir aðgerðir.

**Tafla 3.** Útreiknaður umferðarhávaði við vegarkafla 939-02 á Axarvegi í Berufirði.

Hús	Útreiknað hljóðstig 2008 [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 án aðgerða <sup>1</sup> [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 m. aðgerðum <sup>2</sup> [dB(A)]	Athuga-semdir
Melshorn	34	36	29	Veglína A

Eftirfarandi hús eru við kafla 1-u4 á Hringvegi um botn Berufjarðar, á núverandi vegakerfi. Umferð (ÁDU) árið 2008 er 143 bíll/sólarhring, árið 2010 yrði umferðin um 230 bílar/sólarhring skv. miðspá Vegagerðarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi umferðarspá í töflu 1 hér að framan yrði umferðin árið 2030 110 bílar á sólarhring á legg C (veglínu f939-104). Eftir aðgerðir er hávaði eingöngu reiknaður frá nýjum veglínunum.

**Tafla 4.** Útreiknaður umferðarhávaði við vegarkafla 1-u4 á Hringvegi um botn Berufjarðar.

Hús	Útreiknað hljóðstig 2008 [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 án aðgerða <sup>1</sup> [dB(A)]	Útreiknað hljóðstig 2030 m. aðgerðum <sup>2</sup> [dB(A)]	Athuga-semdir
Berufjörður II	35	37	30	Veglína W
Berufjörður III	45	47	25	Veglína W
Hvannabrekka	36	38	24	Veglína X

<sup>1</sup> Núverandi vegur án framkvæmda en með aukinni umferð

<sup>2</sup> Nýr vegur með aukinni umferð